

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 1170 10. desember 2008, um löggæsluskilríki Landhelgisgæslu Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglugerðarinnar:

- a) Á eftir setningunni: „Efst skal vera áletrunin „Landhelgisgæslan“ og síðan með smækkuðu letri „Icelandic Coast Guard““ í 3. mgr. 2. gr., kemur ný setning: Þá kemur áletrun með rauðum stöfum: „Handhafi lögregluvalds“, og þar fyrir neðan til hægri með svörtu smáu lettri: „skv. lögum um Landhelgisgæslu Íslands nr. 52/2006.“
- b) Í stað orðsins „gráa“ í lokamálslið 4. mgr. 2. gr. kemur: bláa.
- c) Í stað orðsins „3 mm“ í lokamálslið 4. mgr. 2. gr. kemur: 1 sm.

2. gr.

b. liður 2. mgr. 3. gr. fellur brott. c. liður 2. mgr. 3. gr. verður b. liður.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 21. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands nr. 52 14. júní 2006 með síðari breytingum öðlast gildi þegar í stað.

Innanríkisráðuneytinu, 10. febrúar 2012.

Ögmundur Jónasson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.